

Nd.

154. Nefndarálit

[89. mál]

um frv. til l. um sérstakt tímabundið vörugjald.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 16. júlí 1975, um 12% vörugjald af tilteknum vöruflokkum, sem innheimta skyldi til ársloka.

Nokkru áður en þessi bráðabirgðalög voru gefin út hafði ríkisstjórnin, í sambandi við samningagerð launþegasamtaka og samtaka vinnuveitenda, lýst því yfir að skattar yrðu lækkaðir um 2000 millj. kr. Við þetta fyrirheit var að sjálfsögðu staðið. En skömmu síðar voru annars konar byrðar lagðar á almenning, þ. e. 12% vörugjaldið, sem gerði launþegum að greiða miklu hærri fjárhæð í ríkissjóð í formi hækkaðs vöruverðs en nam beinu skattalækkuninni. Launþegasamtökin hlutu auðvitað að líta á þessa ráðstöfun sem brigð á því samkomulagi, sem þau höfðu gert við ríkisstjórnina, og andmæltu því bráðabirgðalögunum harðlega, enda hafði alls ekkert samráð verið við þau haft fyrir setningu þeirra, þótt skömmu áður hafi verið gert samkomulag um fyrrnefnda skattalækkun.

Þingflokkur Alþýðuflokksins lítur svo á, að útgáfa þessara bráðabirgðalaga hafi verið óeðlileg ráðstöfun og gerð á mjög óheppilegum tíma, með hliðsjón af nýgerðum kjarasamningum. Hann mun því greiða atkvæði gegn staðfestingu bráðabirgðalaganna.

Alþingi, 11. des. 1975.

Gylfi P. Gíslason.